

Alþingi
Erindi nr. P 130/69
komudagur 3.11.2003




Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Ágústs Geirs Ágústssonar, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30. október 2003

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar og br. á l. nr. 29/1993 um vörugjald af af ökutækjum, eldsneyti o.fl. (90. mál).

Verslunarráð Íslands þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með frumvarpinu er lögð til 8% hækkun á föstu árgjaldi og kílómetragjaldi þungaskatts og 8% hækkun á almennu og sérstöku vörugjaldi af eldsneyti. Í greinargerð er tekið fram að þetta sé gert til þess að mæta auknum útgjöldum í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004. Verslunarráð hefur ávallt barist gegn óhóflegum ríkisútgjöldum og hvatt til aðhalds í ríkisrekstri. Verslunarráð hefur einnig bent á að auknir skattar á bensín hefur í för með sér minna svigrúm fyrir samkeppni, þar sem stór hluti bensínverðs eru skattar. Í kjölfar mikillar umræðu um samkeppni olíufyrirtækjanna skýtur það skökku við að lagt sé til að skattar á bensín hækki og bensínverð þar af leiðandi einnig. Verslunarráð leggst gegn því að tillögurnar nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,


Sigbrúður Ármann.